

No.

100. Nefndarátt

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Mentamálanefnd hefir klotnað um frv. þetta. Samt er nefndin sammála um margt, er mál þetta snertir.

Með frv. eru gerðar dálítið fyllri og ákveðnari kröfur um fræðslu barna við 14 ára aldur heldur en nú, auk þess sem prófskylda byrjar við 8 ára aldur. Aðalbreytingin frá núverandi fyrirkomulagi er samt sú, að skólanefndir eru annan veg kosnar en áður, og tryggilegar er frá því gengið, að kensla falli ekki niður í einstökum hjeruðum og að fræðslulögunum frá 1907 sje betur framfylgt. Ætti frv. þetta að verða að lögum, mundi mentamálanefnd geta orðið sammála um að gera við það nokkrar breytingartillögur.

Árið 1922 lá þetta frumv. fyrir Alþingi, og hafði mentamálanefnd neðri deildar það til meðferðar. Þetta frv. er þá lagt til hliðar, en í stað þess er samþykkt breyting á fræðslulögunum frá 1907, þar sem kröfurnar eru í engu auknar, en rýrð allmikið tryggingin fyrir því, að það náist, sem krafist er. Afleiðingin af lagabreytingunni 1922 er sú, að veturinn 1922—1923 nota 25 fræðsluhjeruð sjer þá rýmkuun, sem þar er gerð fyrir sveitirnar, til þess að sleppa við skólaliald. Ekki er nú hægt að fullyrða, að börnin hafi í þessum 25 fræðsluhjeruðum borið minna frá borði hvað fræðslu snertir heldur en ef þau hefðu notið skólaveru. En hilt er aftur á móti fullvíst, að fræðslan í þessum hjeruðum hefir þennan eina vetur kostað bæði rikissjóð og hjeruðin minna.

Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stefnan öfug við það, sem Alþingi samþykkti í þessu máli 1922, þar sem hjer er hvorttveggja í senn hert á fræðslu-kröfunum og tryggilegar um húið, að fræðslulögunum verði framfylgt. Fjárhagur rikissjóðs hefir hins vegar stórversnað síðan 1922, og teljum vjer í meiri hluta nefndarinnar, að slæmar fjárhagsástæður rikissjóðs sje fullkomin ástæða til þess, að Alþingi breyti ekki fræðslulögunum að þessu sinni á þann hátt, að útgjöld

rikissjóðs aukist þar við svo nokkru nemi. En það teljum vjer, að þau myndu gera, ef frv. þetta ætti að verða að lögum.

Samkvæmt framansögðu leggjum vjer til, að háttv. deild afgreiði frv. þetta með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Jafnvel þótt deildin viðurkenni, að ýmislegt í frv. þessu sje tilbóta frá þeim fræðslulögum, sem vjer nú höfum, þá lítur deildin þó svo á, að þekki sje unt, vegna fjárhagsörðugleika rikissjóðs nú, að gera nokkrar þær breytingar á nefndum lögum, sem hafi í för með sjer aukin útgjöld fyrir rikissjóð, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. mars 1924.

Magnús Jónsson,
formaður.

Jón Kjartansson,

Sigurjón Jónsson,
framsögum.